

1127. stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 27. apríl 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon og Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Þar sem fundurinn var boðaður með skömmum fyrirvara var ekki hægt að senda dagskrá með þeim fyrirvara eins og fram kemur í vinnureglum stjórnar. Dagskrá lögð fram á fundinum og var samþykkt að taka hana fyrir á fundinum.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1126. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1126. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál

Ólafía fór yfir stöðuna á viðræðum við SA um kjarasamning VR. Deilu VR við SA var vísað til ríkissáttasemjara 17. apríl. Fyrsti fundur hjá ríkissáttasemjara var 21. apríl og næsti fundur var í dag 27. apríl. Ljóst er að SA er ekki tilbúið að ganga að okkar kröfum og vara niðurstaða fundarins í dag að viðræður voru lýstar árangurslausar í samræmi við 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Benóný Valur formaður verkfallsnefndar VR fór yfir tímalínu um mögulegt verkfall hjá VR, þar kom fram að atkvæðagreiðsla getur mögulega hafist 6. maí og lokið 13. maí og verkfallsaðgerðir gætu hafist 20. maí.

Umræður.

Fundarmenn voru sammála því að leggja til við trúnaðarráð að efna til atkvæðagreiðslu um verkfall.

3. Vinnudeilusjóður VR

Páll Örn Líndal formaður Vinnudeilusjóðs VR fór yfir stöðuna á vinnudeilujóði félagsins. Í sjóðnum eru til um 1 milljarður króna. Ef til verkfalls kemur má reikna með greiðslum úr sjóðnum og hefur stjórn



vinnudeilusjóðs sett upp nokkrar sviðsmyndir af útgreiðslum.

Umræður um hvort færa eigi til fjármuni úr félagssjóði í Vinnudeilusjóð VR.

Ólafía lagði fram tillögu um að færa 2 milljarða úr félagssjóði í Vinnudeilusjóð VR. Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir á fundinum

Fundi var slitið kl. 18:25
Stefán Sveinbjörnsson, fundarritari